

- 57
24. apríl Skipulagsskrá þessi öðlist staðfestingu forseta Íslands og óskast þá skipulagsskráin birt í B-deild Stjórnartíðinda, svo og árlegir reikningar sjóðsins.

Hjarðarfelli, 16. sept. 1950.

Gunnar Guðbjartsson. Guðbrandur Guðbjartsson. Kristján Guðbjartsson.
Alexander Guðbjartsson. Guðbranda Þorbjörg Guðbrandsdóttir.
Ragnheiður Guðbjartsdóttir. Þorkell Ág. Guðbjartsson.
Sigr. Elín Guðbjartsdóttir. Guðbjörg Guðbjartsdóttir.

- 58
25. apríl Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Áslaugar Þórðardóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. apríl 1951. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Áslaugar Þórðardóttur.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af kvenfélaginu Hvítabandinu í Reykjavík til minningar um frú Áslaugu Þórðardóttur, sem var fædd 11. júlí 1892, dáin 12. okt. 1950, og formaður félagsins.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að setja á stofn og starfrækja ljósastofu, þar sem börn á aldrinum tveggja til sjö ára fá ljóslækningar.

3. gr.

Kvenfélagið Hvítabandið leggur sjóðnum til á stofndegi kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur —. Félagið annast fjáröflun til sjóðsins framvegis.

4. gr.

Stjórn Hvítabandsins hefur á hendi stjórn sjóðsins og framkvæmdir. Endurskoðendur félagsins skulu endurskoða reikninga hans og skulu þeir því næst bornir upp til samþykkis á aðalfundi félagsins.

5. gr.

Sjóðnum skal verja til að standa straum af stofnkostnaði og rekstri áður nefndrar ljósastofu.

Ekki má þó veita meira fé úr sjóðnum en svo, að hálfst stofnfé hans verði eftir óskert á vöxtum.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 12. nóvember 1950.

Í stjórn Kvenfélagsins Hvítabandsins.

Hólmfríður Jónsd., Helga S. Þorgilsdóttir, Oddfríður Jóhannsd.,
varaform. ritari. gjaldk.